

Portfolio

Landslagsarkitektúr

Helga G. Þorgrímsdóttir



## Kynningarbréf

Ég er uppalin í Reykjavík og með annan fótinn í sveitinni í Ölfusinu. Hef mikla ánægja af útiveru, hestamennsku, ljósmyndun og að ferðast bæði innanlands og utanlands og upplifa umhverfið og náttúru.

Ég kláraði menntaskóla 2008 og fór eftir það að vinna við fjölbreytta vinnu, hvort sem það var úti við hjá Reykjavíkurborg eða inni í eldhúsi á Hótel Núpum, þá hef ég mikla reynslu af fjölbreyttri atvinnu. Ég vann í 5 ár við tækniteiknun á verkfræðistofu þar sem áhugi minn kviknað á landslagshönnun og sú reynsla tel ég vera kost að taka með mér inn í þetta nám. Einnig hef ég drifkraft til að prófa og læra nýja hluti eins og meiraprófakstur, ljósmyndun, saumaskap og margt fleira.

Mitt áhugasvið fer um víðan völl og leita ég út í náttúruna við öll tækifæri sem hjálpar mér að hlaða batteríin. Ég vil sækja mér fræðslu um umhverfið sem ég bý í og hvernig við getum stuðlað að betri framtíð fyrir næstu kynslóðir.





### Áhugamál

Ég hef haft áhuga á ljósmyndum frá því ég var unglingur og finnst skemmtilegast að ná óvæntum atburðum á mynd. Sérstaklega nátturlegum fyrirbærum sem minna mig á hversdagslega hluti eða skýja mynstur sem birtist manni örsnöggt og hverfur svo og verður aldrei endurtekið í sömu mynd.






## Náttúran og umhverfið mitt.

Ég ólst upp við hestamennsku og hef haft annan fótinn í sveitinni minni þar sem við höfum sinnt heyskap og hirt um jörðina fyrir okkur og hestana. Ég tel það vera mikilvægt fyrir okkur sjálf að þekkja umhverfið betur og vonast ég eftir að þetta nám eiga eftir að hjálpar mér að kynnast sveitinni minni betur.









## Skipulag og hönnun.

Ég hef lengi haft áhuga á hönnun, arkitektúr og skipulagi og sé ég tækifæri á að sameina áhugasvið mitt sem liggur í bæði í náttúrunni og umhverfinu í landslagsarkitektúr. Ég lauk stúdentsprófi frá félagsfræðibraut og eftir nokkurra ára pásu þá ákvað ég að setjast aftur á skólabeckinn og fór þá á listnámsbraut í lönskólanum í Hafnarfirði. Þaðan lá leið mín í tækniteiknun í Tækniskólanum í Reykjavík og eftir það nám vann ég í 5 ár á verkfræðistofu. Ég tel það stóran kost fyrir mig að hafa lokið við það nám og einnig er sú starfsreynsla mikilvæg til að skilja betur umfang verkefna og starfsvettvang arkitekta og verkfræðinga.







### Um mig.

Ég á það til að dreyma hús og ævintýrlega staði og draumur minn er að einn daginn geti ég endurskapað það umhverfi sem birtist mér í draumi.

